

44

## BRÁÐABIRGÐALÖG

16. ágúst

um viðauka við bráðabirgðalög 31. júlí 1934 um heimild fyrir ríkisstjórnina til  
ihlutunar um sölu og útflutning á léttverkaðri saltsild.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Með því að atvinnu- og samgöngumálaráðherra Vor  
hefir þegnlega tjáð Oss, að heimild sú, sem felst í bráðabirgðalögum 31. júlí  
1934, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ihlutunar um sölu og útflutning á  
léttverkaðri saltsild, nái eigi tilgangi sínum nema hún sé rýmkuð nokkuð,  
teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að setja samkvæmt 23. gr. stjórnar-  
skrárinnar bráðabirgðalög til þess að ráða bót á þessu.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum:

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætist:

Sama gildir um alla tálkntekna og slógdregna sild, þótt meira sé söltuð.

Ef nauðsyn ber til, er ríkisstjórninni heimilt að ákveða að fara skuli eftir  
ákvæðum þessara laga um fleiri tegundir saltsildar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Marselisborg, 16. ágúst 1934.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

---

*Haraldur Guðmundsson.*